

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (stytt útgáfa fyrir börn)

1. grein. Hugtakið barn:

Barn er hver sá einstaklingur sem ekki hefur náð átján ára aldri, og nýtur allra réttinda sem þessi samningur kveður á um.

2. grein. Bann við mismunun:

Engu barni má mismuna af nokkurri ástæðu, svo sem vegna kynþáttar, hörundslitar, kyns, tungumáls, trúar, skoðana, uppruna, félagslegrar eða efnahagslegrar stöðu, fötlunar eða einhverra annarra aðstæðna barnsins, foreldra þess eða forsjáraðila.

3. grein. Það sem barninu er fyrir bestu:

Þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða börn skal ávallt hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

4. grein. Ábyrgð aðildarríkja:

Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að öll börn njóti þessara réttinda.

5. grein. Ábyrgð foreldra:

Fjölskyldan ber fyrst og fremst ábyrgð á því að veita ykkur leiðsögn, þannig að með aldrinum lærið þið að njóta réttinda ykkar til fulls. Stjórnvöldum ber að virða þessi réttindi.

6. grein. Réttur til lífs og þroska:

Þið eigið rétt á að vaxa og dafna í lífinu. Aðildarríkjum ber að tryggja að þið megið lifa og þroskast á heilbrigðan hátt.

7. grein. Réttur til nafns, ríkisfangs og umönnunar foreldra:

Þið eigið rétt á skráningu þegar eftir fæðingu, sem og rétt til nafns og ríkisfangs og til að þekkja foreldra ykkar og njóta umönnunar þeirra.

8. grein. Réttur til að halda persónulegum auðkennum:

Stjórnvöldum ber að virða rétt ykkar til nafns, þjóðernis og fjölskyldutengsla.

9. grein. Aðskilnaður frá foreldrum:

Börn ætti ekki að aðskilja frá foreldrum sínum nema það sé þeim fyrir bestu (til dæmis ef foreldri misþyrmir barni eða vanrækir það). Ef foreldrar barns skilja á það rétt á að vera í samskiptum við báða foreldra sína, nema slíkt valdi barninu skaða.

10. grein. Endurfundir fjölskyldu:

Búi foreldrar ykkar ekki í sama landinu megið þið ferðast milli landanna til að hitta þá eða vegna endurfunda fjölskyldunnar.

11. grein. Vernd gegn brottnámi:

Stjórnvöldum ber að gera ráðstafanir gegn því að börn séu ólöglega flutt frá heimalandi sínu.

12. grein. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós:

Þegar fullorðnir taka ákvarðanir sem varða ykkur, eigið þið rétt á að segja skoðanir ykkar á þeim ákvörðunum og að tekið sé tillit til þeirra skoðana.

13. grein. Upplýsinga- og tjáningarfrelsi:

Þið eigið rétt á að leita, taka við og miðla hvers kyns upplýsingum (t.d. skriflega, í formi listar, í sjónvarpi, útvarpi og á netinu) svo framarlega sem upplýsingarnar skaða hvorki ykkur sjálf né aðra.

14. grein. Skoðana- og trúfrelsi:

Þið eigið rétt á að hugsa og aðhyllast þau trúarbrögð sem þið viljið og til að iðka trú ykkar, svo fremi sem þið komið ekki í veg fyrir að annað fólk njóti réttinda sinna. Foreldrar ykkar skulu leiðbeina ykkur á þessu sviði.

15. grein. Félagafrelsi:

Þið eigið rétt á að koma saman og stofna til félagsskapar með öðrum börnum svo framarlega sem það kemur ekki í veg fyrir að aðrir njóti réttinda sinna.



16. grein. Friðhelgi fjölskyldu og einkalífs:

Þið eigið rétt á einkalífi. Enginn má spilla mannorði ykkar, fara inn á heimili ykkar, opna bréf og tölvupóst eða valda ykkur og fjölskyldu ykkar óþægindum, nema rökstudd ástæða liggi fyrir.

17. grein. Aðgangur að upplýsingum:

Þið eigið rétt á áreiðanlegum upplýsingum úr ýmsum áttum, t.d. úr bókum, dagblöðum og tímaritum, sjónvarpi, útvarpi og netmiðlum. Upplýsingarnar eiga að vera auðskiljanlegar og gagnlegar.

18. grein. Uppeldi og þroski:

Báðir foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og skulu ávallt hafa í huga hvað er barninu fyrir bestu. Stjórnvöld skulu gera ráðstafanir til að aðstoða foreldra, einkum ef báðir foreldrar eru útivinnandi.

19. grein. Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu:

Stjórnvöld skulu tryggja að vel sé annast um ykkur og vernda ykkur gegn ofbeldi, misnotkun og vanrækslu foreldra eða annarra sem eiga að sjá um ykkur.

20. grein. Umönnun utan fjölskyldu:

Geti foreldrar og aðstandendur ekki annast ykkur skulu þið vera undir umsjá fólks sem virðir trú ykkar, hefðir og tungumál.

21. grein. Ættleiðing:

Ef þið eruð ættleidd skal fyrst og fremst gæta þess hvað ykkur er fyrir bestu, hvort sem þið eruð ættleidd í eigin heimalandi eða milli landa.

22. grein. Börn sem flóttamenn:

Ef þið hafið flúið heimaland ykkar vegna hættuástands eigið þið rétt á vernd og stuðningi í nýja landinu. Þið njótið sömu réttinda og börn sem hafa fæðst þar.

23. grein. Börn með fötlun:

Þið sem eruð að einhverju leyti með fötlun skuluð njóta sérstakrar umönnunar, aðstoðar og menntunar til að geta lifað sjálfstæðu lífi og tekið eins virkan þátt í samfélaginu og kostur er.

24. grein. Heilsuvernd barna:

Þið eigið rétt á góðri heilbrigðisþjónustu (t.d. lyfjum,

sjúkrahúsum, læknum og hjúkrunarfólki). Þið eigið einnig rétt á hreinu vatni, næringarríkri fæðu, hreinlegu umhverfi og fræðslu um heilbrigðismál svo að þið fáið notið góðrar heilsu. Ríku löndin ættu að hjálpa hinum fátækari á þessu sviði.

25. grein. Eftirlit með vistun utan heimilis:

Þið sem eruð í umsjá sveitarfélags eða stofnunar, en búið ekki hjá foreldrum ykkar, eigið rétt á að haft sé reglubundið eftirlit með aðstæðum ykkar til að tryggja sé að þið njótið góðrar umönnunar og meðferðar.

26. grein. Félagsleg aðstoð:

Samfélaginu ber að veita ykkur þá félagslegu aðstoð sem þið þurfið til að þroskast og búa við góð lífsskilyrði (t.d. menntun, menningu, næringu, heilbrigði, félagslega velferð). Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fátækar fjölskyldur fái barnaþeninga.

27. grein. Lífsskilyrði:

Þið eigið að búa við góð lífsskilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska. Stjórnvöldum ber að hjálpa fjölskyldum sem geta ekki séð þannig fyrir börnum sínum.

28. grein. Réttur til menntunar:

Þið eigið rétt til menntunar. Námsaga skal haldið uppi með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisu ykkar. Grunnskólanám skal vera ókeypis og skyldubundið. Ríku löndin ættu að hjálpa hinum fátækari á þessu sviði.

29. grein. Markmið menntunar:

Með menntun skal eftir því sem frekast er unnt rækta persónuleika ykkar, hæfileika og andlega og líkamlega getu. Menntun skal undirbúa ykkur undir lífið fram undan og móta með ykkur virðingu fyrir foreldrum ykkar og eigin menningarheimi jafnt sem annarra. Þið eigið rétt á að vita hvaða mannréttinda þið njótið.

30. grein. Minnihlutahópar:

Þið eigið rétt á að njóta eigin menningar, iðka eigin trú og nota eigið tungumál, þó að þið deilið því ekki með meirihluta fólksins í landinu.

31. grein. Hvíld og tómstundir:

Þið eigið rétt á að slaka á og leika ykkur og taka þátt í alls kyns tómstunda- og menningarstarfi.





32. grein. Vinnuvernd:

Stjórnvöldum ber að vernda ykkur gegn vinnu sem getur skaðað heilsu ykkur og þroska, hamlað ykkur í námi eða leitt til þess að þið verðið misnotuð af öðrum.

33. grein. Ávana og fíkniefni:

Stjórnvöld skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda ykkur gegn notkun fíkniefna og koma í veg fyrir aðild ykkar að framleiðslu og dreifingu slíkra efna.

34. grein. Vernd gegn kynferðislegu ofbeldi:

Stjórnvöldum ber að vernda ykkur gegn kynferðisofbeldi.

35. grein. Vernd gegn brottnámi, sölu og verslun með börn:

Stjórnvöldum ber að tryggja að börnum sé ekki rænt, þau seld eða send til annarra landa til að misnota þau í gróðaskyni.

36. grein. Vernd gegn annars konar misnotkun:

Vernda skal börn gegn hvers kyns aðgerðum sem kunna að skaða þau og hafa áhrif á þroska þeirra og velferð.

37. grein. Vernd gegn frelsissviptingu, illri meðferð og refsingum:

Börn sem brjóta lög skal ekki beita harðræði. Ekki skal setja þau í fangelsi með fullorðnum og þau eiga að fá að hafa samband við fjölskyldu sína.

38. grein. Vernd barna sem lifa við vopnuð átök:

Ef þið hafið ekki náð fimmtán ára aldri (átján ára aldri í flestum ríkjum Evrópu), skulu stjórnvöld ekki heimila að þið gegnið herþjónustu eða takið beinan þátt í vopnuðum átökum. Börn á stríðssvæðum eiga að njóta sérstakrar verndar.

39. grein. Aðlögun og bati barna sem orðið hafa fórnarlömb:

Barn, sem sætt hefur vanrækslu, orðið fyrir pyndingum eða ofbeldi, verið fórnarlamb misnotkunar og vopna-átaka, eða setið hefur í fangelsi, skal fá sérstaka hjálp til að endurheimta líkamlega sem andlega heilsu og aðlagast samfélaginu á ný.

40. grein. Afbrot og málsmeðferð:

Ef þið eruð ásökuð um brot á refsilögum skal komið fram við ykkur af virðingu. Ykkur ber að fá lögfræðilega aðstoð og skuluð aðeins dæmd til fangelsisvistar ef um alvarlegan glæp er að ræða.

41. grein. Betri réttur gildir:

Ef landslög stuðla frekar að því að réttindi barna komist til framkvæmda en greinar Barnasáttmálans skal farið að þeim lögum.

42. grein. Kynning á Barnasáttmálanum og eftirlit:

Stjórnvöld skulu kynna öllum foreldrum, stofnunum og börnum meginreglur og ákvæði Barnasáttmálans.

43.–54. grein. Undirritun og fullgilding:

Í þessum greinum er gerð grein fyrir því hvernig stjórnvöld og fullorðið fólk skal vinna sameiginlega að því að tryggja að börn njóti allra sinna réttinda.

Athugið: Barnasáttmálinn var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 og öðlaðist gildi sem alþjóðleg lög árið 1990. Í honum eru 54 greinar sem kveða á um réttindi barna og hvernig stjórnvöldum ber að vernda og efla þessi réttindi. Nánast hvert ríki heims hefur fullgilt sáttmálann og skuldbundið sig til að virða öll réttindi sem þar er kveðið á um.

